

**Fundargerð 35. fundar skráningarráðs Gegnis þriðjudaginn 29. jan. 2008**  
haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 13.00 – 15.30

**Fundarmenn:** Hulda Ásgrímsdóttir (fundarritari), Jóhanna Margrét Diðriksdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður).  
Auk þeirra sátu fundinn þær Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri hjá Landskerfi bókasafna.

1. **Fundargerð 34. fundar.** Farið var yfir fundargerðina með tilliti til hvað búið væri að framkvæma og hvað væri eftir:
  - a) **Punktavandamál** er óleyst.
  - b) Skjalið um **greiningu útgáfuárs** á bókum er nú uppfært með breytingum og birt.
  - c) **Tiltektir í flettilistum yfir útgefendur og útgáfustaði** tekið út af dagskrá í bili.
  - d) **Landfræðiheiti** bíða seinni tíma umfjöllunar í efnisorðaráði.
  - e) **Skráningarhópur um nótur** hefur verið tilnefndur: Jóhanna Diðriksdóttir, Listaháskólanum, formaður, Ásdís Huld Helgadóttir, Bókasafni Hafnarfjarðar, Margrét Guðjónsdóttir, Landsbókasafni og Sigríður Bjarnadóttir, Borgarbókasafni.
  - f) **Óvirkir tenglar.** Er í skoðun.
  - g) **Skráning tímaritsgreina.** Hildur, Þóra og Hallfríður hittust og var niðurstaðan sú að Borgarbókasafn hefur tekið að sér hluta af greiniskráningu tímarita.
  - h) **Birting á leitarniðurstöðum:** aukinn fjöldi í 3000 en ekki klippt aftan af eins og æskilegt er.  
Fundargerð samþykkt.
2. **Barnaleikrit með söngvum, HB eða MU.**

Skiptar skoðanir eru á því hvort velja skuli formatið HB eða MU þegar skrá skal barnaleikrit / -efni (texti) með tónlist og söng. Meginreglan er sú að textahöfundur er valinn sem höfuð þegar valið er HB en höfundur tónlistar er höfuð þegar valið er MU. Þegar skoðuð er skráning á barnaleikritum í Gegni sést oft á tíðum að barnaleikrit hafa verið sett í MU og textahöfundur valinn sem höfuð.

Þegar útgáfan er eingöngu tónlist úr verkunum er augljóslega valið MU og þá á höfundur tónlistar að vera höfuð.

Það væri auðveldast að hafa sérstakt form fyrir þetta efni en það er ekki tiltækt og því ákveðið að búa til viðmiðunarreglur um þessa formgreiningu og senda út á Vöndu.
3. **Samsettar útgáfur.**

Hvenær á að skrá efni saman og hvenær sitt í hvoru lagi?

Bók og vinnubók (-bækur) skal skrá saman. Stundum er skráð sér nemendabók og kennarabók. Þetta er ekki talið vefjast mikið fyrir skrásetjurum nema í þeim tilvikum þegar ný útgáfa kemur af annarri bókinni. Hljóðbækur sem tengjast þessum bókum en geta staðið einar og sér skal skrá í HB.
4. **Skráningarheimildir – undanþágubeiðnir.**

Tveimur skrásetjurum frá Bókasafni Seltjarnarness og Landmælingum Íslands var veitt undanþága til skráningarheimildar. Þær eru báðar í þann veginn að ljúka námi í bókasafns- og upplýsingafræði og sækja nú skráningarnámskeið hjá Landskerfi bókasafna.

## 5. Önnur mál.

- a) Tekið fyrir erindi Sigrúnar Sveinsdóttur um hvernig megi kópiera úr nafnaskrá þegar halar fylgja nafni. Deilisvið t í 600 og 700 má halda sér. X-in í 600 sviðinu hreinsast út með OCLC-fixinu. Ragna tók að sér að svara Sigrúnu.  
Nauðsynlegt er að tónlistarhópur fari að hittast.
- b) Margrét á Selfossi sendi fyrirspurn um hvernig fara megi með pólska stafi í skráningu á pólskum bókum eða hvort nota megi bara íslenska stafi.  
Þetta mál var rætt á síðasta fundi. Þá var spurt hvort óhætt væri að nota t.d. Character map í Windows. Tákn þaðan og úr öðrum grunnum birtast oft furðulega í Gegni, feitletruð, sem kassar o.s.frv. Sigrún ætlaði að kanna þetta mál.  
Nú þegar þetta var rætt aftur var ákveðið að leyfilegt væri að nota íslenska stafi við skráningu á pólsku efni þar til sérstafatöflur hafa verið kannaðar, þ.e. notkun þeirra og áhrif á kerfið eða þegar litið er til framtíðar áhrif þeirra við flutning í annað kerfi. Þóra tók að sér að svara.

Fundi slitið kl. 15:30